

Fundargerð 143. fundar stjórnar SSNV, 31. ágúst 2026

Mánudaginn 31. ágúst 2026, kom stjórn SSNV saman til fundar á Teams. Hófst fundurinn kl. 9:00.

Mætt voru: Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Einar E. Einarsson, Davíð Birkir Tryggvason og Sveinbjörg R. Pétursdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Farsæld barna
2. Eimur
3. Forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2027
4. Úthlutunar- og starfsreglur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra
5. Haustþing SSNV
6. Framlögð mál til kynningar
 - a. Fundargerðir
 - b. Umsagnir
7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Afgreiðslur

1. Farsæld barna

Sara Björk Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Farsældar, kom til fundar og fór yfir verkefni farsældar barna.

Stjórn þakkar Söru fyrir greinargóða yfirferð. Stjórn SSNV telur brýnt að ríkið tryggi áframhaldandi fjármuni til rekstrar verkefnis um farsæld barna.

2. Eimur

Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri Eims, og Sigurður Línadal Þórisson, sviðsstjóri sjálfbærrar viðskiptaþróunar hjá Eimi, komu til fundar og kynntu evrópuverkefnið DEPLOY-PED og tillögu um ákveðna aðkomu SSNV.

Stjórn þakkar Ottó og Sigurði fyrir greinargóða kynningu og felur framkvæmdastjóra SSNV að skoða málið nánar, þar á meðal samantekt á umfangi og eðli mögulegrar aðkomu samtakanna í minnisblaði, og leggja fyrir stjórn.

3. Forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2027

Matthías Rúnarsson, bókarí samtakanna, kom til fundar og fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2027.

Stjórn þakkar Matthíasi fyrir góða yfirferð og felur framkvæmdastjóra að stilla fjárhagsáætlun upp í samræmi við umræður á fundinum.

4. Úthlutunar- og starfsreglur Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra

Berglind Björnsdóttir og Guðlaugur Skúlason komu til fundar og fóru yfir tillögur að breytingum á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra.

Stjórn þakkar Berglinni og Guðlaugi fyrir góða yfirferð og samþykkir framlagðar tillögur að breytingum á úthlutunarreglum.

5. Haustþing SSNV

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning og skipulag haustþings SSNV sem halda á 1. október í Húnaþingi vestra.

Stjórn samþykkir drög að dagskrá og felur framkvæmdastjóra að senda út fundarboð. Jafnframt óskar stjórn sérstaklega eftir viðveru þingmanna kjördæmisins og Innviðaráðherra á haustþinginu.

6. Framlögð mál til kynningar

a. Fundargerðir

Stjórn SSNE, 11. ágúst 2026. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSA, 11. ágúst 2026. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Vestfjarðarstofu, 26. júní 2026. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSV, 10. júní 2026. [Fundargerðin.](#)

Stjórn SSH, 17. ágúst 2026. [Fundargerðin.](#)

Stjórn Markaðsstofu Norðurlands, 20. maí 2026. [Fundargerðin.](#)

Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins, 2. júní 2026. [Fundargerðin.](#)

b. Umsagnir

[Drög að reglugerð um framkvæmd 20. gr. a–20. gr. i raforkulaga nr. 65/2003.](#)

Mál nr. S-122/2026. Umsagnarfrestur er til og með 4. september 2026.

7. Skýrsla framkvæmdastjóra

Skýrsla framkvæmdastjóra flutt munnlega.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11.53.

Magnús Magnússon, Guðmundur Haukur Jakobsson, Jóhanna Ey Harðardóttir, Einar E. Einarsson, Davíð Birkir Tryggvason og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir.